



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. febrúar 2012

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, 140. löggjafarþing 2011 -2012. Þingskjal nr. 109 – 109. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Með frumvarpinu er núgildandi lögum breytt með þeim hætti að einstæðar mæður sem getið hafa barn með tæknifrjóvgun og einhleypir sem ættleitt hafa barn öðlast jafnan rétt á við aðra foreldra til fæðingarorlofs.

MRSÍ fagnar frumvarpi þessu og telur það stórt skref í þá átt að tryggja jafnan rétt barna til samvista við foreldri sitt í upphafi sambands þeirra, hvort sem um er að ræða ættleitt barn, barn sem getið er með tæknifrjóvgun eða með öðrum hætti. Með lagabreytingunni skal foreldrum í flestum tilvikum tryggður jafn réttur hvað varðar lengd fæðingarorlofs og er frumvarpið því til þess fallið að jafna ójafnræði milli ólíkra fjölskyldugerða sem í núgildandi lögum felst. Það fyrirkomulag sem frumvarpið mælir fyrir um er í fullu samræmi við jafnræðisreglu 2. mgr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, þar sem aðildarríki eru m.a. skylduð til að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að barni sé ekki mismunað vegna stöðu foreldra þess eða fjölskyldumeðlima. Í því ljósi lýsir MRSÍ yfir stuðningi sínum við frumvarpið.

Með umræddu frumvarpi er hins vegar ekki gert ráð fyrir frekari breytingum á núgildandi lögum. Í því sambandi skal annars vegar vikið að þeim tilvikum þar sem börn fá einungis notið samvista við annað foreldrið á fyrstu 36 mánuðum lífsins jafnvel þótt lagalega séu til staðar tveir foreldrar. Tekur MRSÍ undir umfjöllun í greinargerð með frumvarpinu þar sem því er beint til velferðarnefndar Alþingis að nefndin skoði hvernig væri unnt að taka á slíkum undantekningartilfellum svo að hvort tveggja í senn sé ætíð tryggt, óskoraður réttur allra barna til samveru við báða foreldra sína, þ.e. þeirra barna sem lagalega eiga tvo foreldra, sem og réttur allra barna til alls níu mánaðasamveru við foreldri á fyrstu 36 mánuðum lífsins.

Hins vegar vill MRSÍ benda á að síendurteknar lækkanir á hámarksgreiðslum úr fæðingarorlofssjóði síðan efnahagsþrengingarnar hófust síðla árs 2008, hafa mögulega gengið of langt til þess að geta talist samrýmast yfirlýstum markmiðum laganna sjálfra, þ.e. að tryggja barni samvistir við báða foreldra og gera konum jafnt sem körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Ýmsar vísbendingar eru um að þessar lagabreytingar hafi haft þau áhrif að feður taki nú síður fæðingarorlof



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

en áður. Með þessari þróun skapast aðstöðumunur milli barna þar sem samvistir þeirra með foreldrum verða styttri í þeim tilvikum sem annað foreldrið nýtir ekki sinn óframseljanlega rétt til fæðingarorlofs. Slíkt er enn fremur til þess fallið að draga úr þeim árangri sem áunnist hefur með lögunum í átt að auknu kynjajafnrétti og litið hefur verið til í alþjóðasamfélaginu. Þrátt fyrir þær miklu efnahagslegu þrengingar sem þjóðfélagið hefur gengið í gegn um síðan 2008 er varla unnt að réttlæta öllu lengur ítrekaða réttindaskerðingu nýbakaðra foreldra svo sem verið hefur undanfarin ár. Hvetur MRSÍ stjórnvöld til að draga skerðinguna til baka jafnskjótt og aðstæður leyfa svo að yfirlýstum markmiðum laganna verði náð að nýju.

Um þetta hefur þegar verið fjallað ítarlega í skýrslu velferðarráðherra um fæðingarorlof frá september 2011 og er því vísað í hana um nánari umfjöllum hvað þetta varðar.¹

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri

¹ Skýrsla velferðarráðherra um fæðingar- og foreldraorlof. (Lögð fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.)